

Verkefni yngsta stig - ratleikur

Tölfræðirannsókn

Athugið hittni hópsins. Skráið niðurstöður skipulega.

Hver meðlimur gerir þrjár tilraunir í hverjum lið.

Reynið að hitta í

- 2 skref frá
- Langt frá
- Stutt frá


Gögn: Fata og vettlingapar (eða annað sambærilegt)



Regluleiki – mynstur

Sýnið eftirfarandi mynstur með hreyfingum.

Þið getið hoppað, klappað, stappað eða dillað ykkur.



Blátt, blátt, rautt, gult, gult

Hugsið um dans og notið líkamann vel.

Endurtakið nokkrum sinnum.

Skráið hreyfingarnar með eigin táknum.

Gaman væri að taka hreyfimystrin upp.



100 stykki eða meira

Lítið í kringum ykkur.

Finnið þrennt sem er meira en hundrað af í kringum ykkur.

Takið myndir til að sýna hvað þið funduð.

Hve langt getið þið náð?

Leggist niður þannig að þið getið séð hve langt þið náði ef þið hafið:

- Haus við skó
- Hendi teygir sig í skó næsta manns

Merkið með krít hve langt þið náði.

Hve miklu munar á lengdinni?

Gögn: Málband, krít.



Gott getur líka verið að mæla með skrefum eða hænufetum.


Ef ekki viðrar vel má líka standa þétt saman og svo opinn faðm. Þá getur verið gott að börnin raði sér upp við vegg og kríti á hann.

Búið til form með líkömum ykkar

Notið líkama ykkar til að búa til form.

Takið mynd af formunum.

Búið til þríhyrninga, ferhyrninga, fimmhyrninga og hringi.



Mynstur

Búið til mynstur með hlutum úr náttúrunni.

Þið getið notað laufblöð, greinar, steina eða annað.

Teiknið upp eða takið mynd af mynstrum ykkar.



Tölustafir

Bók Járngerðar skordýrafræðings er 400 blaðsíður. Allar síðurnar eru tölusettar frá 1 og upp í 400. Hve oft skyldi tölustafurinn 1 koma fyrir í blaðsíðutölunum?

Aðrar tölur: 100 blaðsíður, 50 blaðsíður.

Fyrir 3. bekk og eldri



Aldur hópsins

- Hve gömul eruð þið í hópnum samtals?
- Hvað er langt þangað til þið verðið 100 ára samtals?
- Búið til nokkur dæmi þar sem svarið er samanlagður aldur ykkar.



Eða:

Búið til nokkur ólík og svolítið erfið dæmi þar sem svarið er samanlagður aldur ykkar?

Gulrætur

Finnið poka með gulrótartitum.

- Giskið á hve margir bitar eru í pokaum.
- Hve margir bitar haldið þið að séu á mann?



Opnið pokann og takið til skiptis einn bita.

1. Fengu allir jafnmikið?
2. Hve marga bita fékk hver?
3. Hve margir bitar voru í pokaum þegar þið funduð hann?




Gögn: Gulrótartitar.

Gott að hafa svona fjóra á mann fyrir yngstu nemendurna. En að það verði ekki jafn margir bitar fyrir alla í 3. og 4. bekk.


Fiskur

Snúið fisknum við með því að færa þrjár eldspýtur/tannstöngla.




Gögn: 8 tannstönglar

Hvaða tala á ekki heima með hinum?
Hvers vegna?
Er til annað svar? Útskýrðu svarið.



Leynitala



Hvert barn hefur leyntölu.
Geturðu fundið tölurnar?



Gisli

Talan mín er í aflanga
rétthyrningnum.
Hún er minni en 8.
Hver er hún?



Helga

Talan mín er í
hringnum. Hún
er margfeldi af 7.
Hver er hún?



Asdis


Talan mín er í
ferningnum. Hún
er líka í hringnum.
Hún er slétt.
Hver er hún?



Siggi


Talan mín er stærri
en 9. Hún er
oddatala. Hún er
í rétthyrningnum.
Hver er hún?

Finndu regluna



Teiknaðu þessa þríhyrninga.
Ljúktu við að fylla í reitina.
Búðu til fleiri sams konar þríhyrninga.

Notaðu þríhyrningana hér að neðan og búðu til aðra reglu



Vísbendingaprautir geta hentað vel á eina stöð. Þær eru í sérstöku skjali. Tvær gætu hentað á yngsta stigi, í 2. – 4. bekk. Gott að velja aðra hvora. Gert er ráð fyrir að vísbendingarnar séu klipptar niður og settar í umslag. Nemendur skipta þessum sex vísbendingum á milli sín og leggja saman upplýsingarnar í hverri vísbendingu til að finna svarið.

Talan hennar Maríu

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Talan hennar Maríu

Þversumma tölunnar hennar Maríu er hærri en tíu.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Talan hennar Maríu

Talan hennar Maríu er margfeldi af sjö.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Talan hennar Maríu

Talan hennar Maríu er ekki oddatala.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Talan hennar Maríu

Mismunur tölustafanna í tölunni hennar Maríu er stærri en þrír.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Talan hennar Maríu

Fyrri tölustafurinn í tölunni hennar Maríu er stærri en hinn.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Talan hennar Maríu

Báðir tölustafirnar í tölunni hennar Maríu eru sléttar tölur.

Hjálpaðu hópnum að finna töluna á blaðinu.

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Það eru samtals tólf fætur á dýrum Rúnars.

Hve marga kjúklinga á Rúnar?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar og Nanna eiga þrjá kjúklinga samtals.
Hin dýrin eru grísir.

Hve marga kjúklinga á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Fæturnir á dýrum Nönnu eru tveimur fleiri
en á dýrum Rúnars.

Hve marga grísi á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar á jafn marga grísi og kjúklinga,
en það á Nanna ekki.

Hve mörg dýr á Rúnar?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Ef Nanna gefur Rúnari einn kjúkling,
þá eru einungis tólf fætur á dýrunum hennar.

Hve mörg dýr á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar og Nanna eiga jafn mörg dýr
(samtals grísi og kjúklinga).

Hve marga grísi á Rúnar?